

Alex Santos <alex.vidar.santos@gmail.com>

Til : Skipulag
Frá : Alex Santos <alex.vidar.santos@gmail.com>
Heiti : Varðandi Hraunbraut 14
Málsnúmer : 2103945
Málsaðili : Steinar Orri Sigurðsson
Skráð dags : 5.5.2021 15:52:34
Höfundur : Alex Santos <alex.vidar.santos@gmail.com>

Góðan dag.

Ég vil koma með ábendingu varðandi kynningu á byggingarleyfi í Kópavogi vegna Hraunbraut 14. Þar er inni erindi sem óskað er eftir að breyta þaki bílskúrsins í dvalarsvæði og reisa handrið meðfram þakkanti. Ég vil benda á að samþykki meðeigenda liggur ekki fyrir. Ég er meðeigandi í þessu húsi og er með tölvupóst samskipti þar sem þessu erindi er neitað, ef þið óskið eftir þeim samskiptum þá get ég sent þau á ykkur.

Svo er annað mál sem mig langar að taka fyrir og varðar einnig Hraunbraut 14.

Mig langar að óska eftir skriflegri útskýringu á því afhverju Hraunbraut 14 er nú skráð hjá Þjóðskrá sem 4 eignir þar af ein ósamþykkt íbúð með fastanúmeri. Ég vil benda á að eigendur hússins hafa ekki veitt samþykki vegna þess, enda hefur málinu verið hafnað hjá Kópavogsbæ en samt sem áður er Hraunbraut 14 skráð á Þjóðskrá sem 4 eignir með fastanúmer.

Bestu kveðjur

Alex Viðar Santos (íbúi Hraunbraut 14)

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026